Qualified Electronic Signature
GUNNHILDUR SIF ODDSDÓTTIR
2022-10-28 14:22:43 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
GUÐBJÖRG STELLA ÁRNADÓTTIR
2022-10-28 14:25:35 GMT
GoPro

UMHVERFISSTOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28.10.2022
UST202203-070/G.S.O.
08.06.02

**Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14. september 2022 þar sem fram kom að tvö frávik hefðu verið skráð í eftirliti í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf, Patreksfirði dags. 15. ágúst 2022. Þann 28. október 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

**Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Þjálfun stöðvarstjóra er ekki fullnægjandi og aðgengi hans að mikilvægum áætlunum og gögnum ekki til staðar. **Búið er að halda birgðastöðvanámskeið fyrir stöðvarstjóra. Þá hefur m.a. verið farið yfir pappírsmálin með honum, umgengni um stöðina og hvernig eigi að mæla í olíuskilju. Samkvæmt úrbótaáætlun verður málinu fylgt eftir með heimsókn á staðinn fyrir lok árs 2022.**
2. Gr. 4.1 og 4.3 í starfsleyfi. Skráningum og aðgengi á upplýsingum í rekstrarhandbók, varðandi rekstrarþætti stöðvarinnar er ábótavant. **Farið verður yfir þetta frávik í næsta eftirliti.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur